

Rarik ohf.
Haraldur Jónatan Klausen
Bíldshöfða 9
110 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2022
UST202211-054/B.S.
10.05.04

Efni: Framkvæmdir - Selstaðastrengur Seyðisfirði. Umsögn

Vísað er til erindis Rarik ohf. dags. 7. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Um helmingur strengleiðar er um ræktað land en hinn hluti strengsins verður lagður nærri núverandi vegi. Strengleiðin er alls um 6,2 km.

Strengurinn verður plægður niður og dæmin sýna að ummerki um slíka framkvæmd eru lítil eða engin ef vel er staðið að verki.

Strengleiðin er innan svæðis nr. 607 á náttúruminjasrá og er verndargildi svæðisins talið vera: *Víðlent og fjölbreytt svæði með litríkum bergmyndunum svo sem líparíti. Fjölskrúðugur og sérstæður gróður og grösug dalverpi norðan undir Bjólf og eyrar með minjum um byggð.*

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Tekið skal fram að núverandi loftlína verður rifin þegar strengurinn hefur verið tekinn í notkun.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur